

Íslensk afbrigði gulvíðis *Salix phylicifolia*: brekkuvíðir og tunguvíðir

Kesara Anamthawat-Jónsson¹, Ploenpit Chokchaichamnankit¹, Ægir Þór Þórsson¹,
Vignir Sigurðsson², Aðalsteinn Sigurgeirsson², Óli Valur Hansson²

¹Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

²Rannsóknarstöð skógræktar ríkisins, Mógilsá, 116 Reykjavík

kesara@hi.is

Brekkuvíðir er talinn vera íslenskur blendingur á milli gulvíðis (*Salix phylicifolia* L.) og loðvíðis (*Salix lanata* L.). Blöðin eru dökkgræn og gjáandi að ofan en ljósari að neðan, nokkuð þykk, all þéttsstæð. Brekkuvíðir (kvennkyn) er þekktur sem einn fallegasti víðirinn í limgerði og hefur reynst skuggþolinn, vindþolinn og harðgerður víðast hvar. Tunguvíðir (karlkyn) líkist brekkuvíði að útliti en hann er þekktur sem víðisklónn frá Tumastöðum. Gerðar hafa verið sameinda- og frumuerfðafræðilega rannsóknir á brekkuvíði og tunguvíði í samanburði við aðrar innlendar víðistegundir. Megin niðurstaðan er sú að brekkuvíðir og tunguvíðir eru sexlitna plöntur með sömu litningafjölda og gulvíðir. Þar sem loðvíðir er tvílitnategund er hugmynd um að þeir (brekkuvíðir og tunguvíðir) eru (ferlitna) tegundablendinga gulvíðis og loðvíðis höfnuð. Kortlagning ríbósómgena á víðislitningum hefur eining leitt í ljós að brekkuvíðir getur ekki verið blendingur. Til þess að greina hversu skylda brekkuvíðir og tunguvíðir eru við gulvíði, höfum við gert arfgerðargreiningu með sameindaaðferðum ISSR (Inter-Simple Sequence Repeats), RAPD (Random Amplified Polymorphic DNA) og rDNA-RFLP (Restriction Fragment Length Polymorphism) ríbósómgenum. Niðurstöðurnar staðfesta náinn skyldleika þeirra og benda til þess að brekkuvíðir og tunguvíðir hafa verið myndað af gulvíði, í náttúrúnni. Brekkuvíðir og tunguvíðir eru íslensk afbrigði gulvíðis *Salix phylicifolia* L.